

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana		
Stjórnarfundur	Dagsetning:	2. des. 2024	Tími: 12:00 – 13:30
Fundarstaður:	Guðrúnartún 1 og Teams		
Fundarstjóri:	HP		
Ritari:	AS		
Á fundinn mættu:	Arnór Snæbjörnsson (AS), Ágúst Hjörtur Ingþórsson (ÁHI), Helga Þórisdóttir (HP), Ingibjörg Jóhannsdóttir (IJ), Magnús Ingvason (MI), Sigríður Kristinsdóttir (SK) og Anna Hermannsdóttir (AH), framkvæmdastjóri félagsins		
Fjarverandi::	Hildur Ragnars (HR)		

## Fundargerð stjórnarfundar FFR 2. desember 2024

### 1. Fundargerð stjórnarfundar 4. nóvember 2024

Fundargerð stjórnarfundar 4. nóvember síðastliðinn var samþykkt.

### 2. Trúnaðarmál

Umfjöllun dagskrárliðar bókuð í sérstakri bókun með fundargerð.

### 3. Samanburður á laga- og starfsumhverfi forstöðumanna

Verkefninu miðar vel áfram og má gera ráð fyrir að því ljúki í janúar. Umræður um hvernig standa eigi að kynningu á álitserðinni, en skýrsluhöfundur hefur lýst sig reiðubúinn að funda með félagsmönnum og ræða efni skýrslunnar.

### 4. Starfshópur fjármálaráðherra um launafyrirkomulag forstöðumanna

Starfshópur fjármálaráðherra sem skipaður var undir lok árs 2023 og er m.a. ætlað það verkefni að leggja mat á gildandi fyrirkomulag á ákvörðun launa forstöðumanna með tilliti til mögulegra breytinga á því og þá hvernig því verði vel fyrir komið og að það verði í traustu horfi til framtíðar, óskaði eftir fundi með fulltrúum FFR þriðjudaginn 19. nóvember sl. Stjórnin ákvað fyrir fundinn að óska eftir sjónarmiðum félagsmanna um gildandi launafyrirkomulag. HP, SK og AH mættu á fundinn f. h. félagsins og komu sjónarmiðum félagsmanna á framfæri. Meðal þess sem fram kemur í athugasemdum félagsmanna er að grunnmat starfa sé ógagnsætt og ósveigjanlegt og að skýra þurfi betur hvaða viðmið liggi matinu til grundvallar og hvert vægi hvers þáttar fyrir sig er í heildarmatinu. Einnig má nefna óánægju með launasetningu og launaþróun.

Eftir nokkrar umræður var ákveðið að senda starfshópnum stutta samantekt á því helsta sem forstöðumenn komu á framfæri við stjórnina.

## 5. Samráðsfundur FFR og KMR

Í kjölfar stjórnarfundar verður samráðsfundur FFR og KMR en fundir hafa legið niðri um tíma m.a. vegna mikilla anna í ráðuneytinu.